


Hvernig á að nota Xyrem® (natríumoxybat)



Hver Xyrem pakkning inniheldur fylgiseðil, eina flösku af Xyrem mixtúru, millistykki til að smella á flöskuna, mælisprautu og tvo skammtabolla með öryggisloki, fyrir skammtana tvo sem teknir eru fyrir svefn og að nóttu.

Mikilvægt er að nota eingöngu mælisprautuna sem fylgir með í pakkningunni þegar skammtur af Xyrem er útbúinn.



Mynd 1

Lestu fylgiseðilinn áður en fyrsti skammtur af Xyrem er tekinn. Í fylgiseðlinum eru mikilvægar upplýsingar. Xyrem á að nota samkvæmt fyrirmælum læknisins.

Hafðu samband við lækinn ef spurningar vakna eða ef eitthvað er óljóst um notkun Xyrem.


Þessar leiðbeiningar sýna skref fyrir skref, hvernig blanda á lyfið.

Læknirinn segir fyrir um það hvaða skammtar eru passlegir fyrir þig en lyfið skal taka tvisvar á sólarhring (rétt fyrir svefn og 2,5 til 4 klukkustundum síðar) og það verða að líða minnst 2-3 tímar frá því að þú borðaðir síðast þar til þú tekur það.

Báða skammtana þarf að útbúa áður en farið er að sofa.


- 1 Fjarlægðu lokið af flöskunni með því að þrýsta því niður og snúa samtímis rangsælis (til vinstri). Eftir að lokið hefur verið fjarlægt skaltu setja flöskuna upprétta á borð. Fjarlægja á plastþynnuna (innsiglið) efst á flöskunni áður en hún er notuð í fyrsta sinn.

Haltu flöskunni uppréttri og þrýstu millistykkinu ofan í flöskuhálsinn. Þetta þarf aðeins að gera þegar flaskan er fyrst opnuð. Millistykkið má skilja eftir í flöskunni til síðari notkunar (sjá mynd 2).



Mynd 2

- 2 Settu næst odd mælisprautunnar inn í miðju opsins á millistykkinu og þrýstu henni ákveðið niður (sjá mynd 3).




Mynd 3

3

Haltu flöskunni og mælisprautunni í annarri hendi og dragðu ávísaðan skammt upp með því að draga stimpilinn upp með hinni hendinni.

ATHUGIÐ: Lyfið dregst ekki upp í sprautuna nema flöskunni sé haldið í uppréttri stöðu (sjá mynd 4).



Mynd 4

4

Taktu sprautuna úr miðju opsins á millistykkinu. Tæmdu lyfið úr mælisprautunni ofan í annan af meðfylgjandi skammtabollum með því að þrýsta á stimpilinn. Endurtaktu þetta þrep fyrir hinn skammtabollann. Bættu síðan um 60 ml af vatni í hvorn skammtabolla – 60 ml eru um það bil 4 matskeiðar (sjá mynd 5).




Mynd 5

5

Skrúfaðu lokin réttisælis (til hægri) á skammtabollana

þar til smellur heyrist og barnaöryggislæsingin er komin á (sjá mynd 6). Skolaðu sprautuna með vatni.




Mynd 6

6

Rétt áður en þú ferð að sofa áttu að setja seinni skammtinn nálægt

rúminu. Verið getur að þú þurfir að stilla vekjaraklukku til þess að þú vaknir til að taka seinni skammtinn, ekki fyrr en 2,5 klst. og ekki síðar en 4 klst. eftir að þú hefur tekið fyrri skammtinn. Fjarlægðu lokið af fyrri skammtabollanum (sjá mynd 7) með því að þrýsta öryggislokinu niður og snúa því rangsælis (til vinstri). Þú skalt setjast upp í rúminu og drekka allan fyrri skammtinn, loka bollanum og leggjast strax útaf.



Mynd 7

7

Þegar þú vaknar 2,5 til 4 klst. síðar áttu að fjarlægja lokið af seinni skammtabollanum. Þú skalt setjast upp í rúminu og drekka allan seinni skammtinn áður en þú leggst aftur út af til að halda áfram að sofa. Lokaðu skammtabollanum.

Til að fá frekari upplýsingar er mikilvægt að lesa fylgiseðilinn sem fylgir Xyrem pakkningunni. Leitaðu til læknisins eða annars heilbrigðisstarfsmanns ef þér finnst áhrifin af Xyrem vera of mikil eða of lítil.

Þessar upplýsingar eru hluti af áætlun til að auka öryggi við notkun lyfsins sem krafist er af lyfjafyrvöldum.



UCB Nordic A/S
Arne Jacobsen Allé 15
2300 København S
sími: +45 32 462 400